

24  
27. júní

## L Ö G

um

breyting á lögum nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Aftan við 2. gr. A. I. bætist:

32. Hvítá í Borgarfirði hjá Hvítárvöllum.
33. Hölná í Þistilfirði.
34. Hafralónsá í Þistilfirði.
35. Selá í Vopnafirði.
36. Hofsa í Vopnafirði.

### 2. gr.

Úr 2. gr. A. falli:

Undir staflíð I. (Nýjar brýr á þjóðvegum):

4. Grímsá í Borgarfirði.
5. Reykholtisdalsá.
6. Norðurá í Borgarfirði, á Krókshyl.

Undir staflíð II. (Endurbygging trjebúra á þjóðvegum):

2. Flóká.
11. Gílsá í Jökuldal.
12. Rjúkandi í Jökuldal.
13. Teigá í Jökuldal.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1926.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Magnús Guðmundsson.*